

2

5. jan.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 52 8. sept. 1931, og á lögum nr. 15 14. júní 1929
(Útflutningsgjald af síld o. fl.).

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Déttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

1. gr. l. nr. 52 8. sept. 1931 hljóði svo:

1. meginmálsliður 1. gr. orðist svo:

Af hverri tunnu (108—120 l.) saltaðrar eða kryddaðrar síldar, hverskon-
ar sem er, skal greiða í ríkissjóð kr. 1.00.

2. gr.

Orðin „fiskmjöli þurkuðu“ í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 15 14. júní 1929 falli burt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaluborg, 5. janúar 1934.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Ásgeir Ásgeirsson.